



Hvað er málning?

Málning er gerð úr hráefnum sem eru flokkaðar í fimm meginþætti...

- **Bindiefni**
- **Litarefni**
- **Fylliefni**
- **Vökva**
- **Hjálparefni**

Bindiefni

Þessi efni segja að mestu til um eiginleika og tegund málningar. Bindefni bindur saman alla þætti eða límir allt saman og ákvarðar að mestu hvað málningin þolir og hvað ekki. Til að búa til hágæða málning þarf hágæða bindefni. Málning án litarefna og fylliefna er í flestum tilvikum glær. Aukið magn af bindiefni eykur gljáa málingar.

Litarefni

Meginhlutverk litarefna er að gefa málningunni lit og dekkingu.

Hægt er að flokka litarefni sem ólífræn og lífræn.

Ólífræn litarefni eru t.d. títanhvíta (hvíti liturinn í málningu) og ýmis konar járnnoxíð, eins og rautt járnnoxíð, brúnt járnnoxíð og gult járnnoxíð. Þessi ólífrænu litarefni eru í flestum tilvikum óvirk gegn sólarljósi og geta haft langan endingartíma. Lífræn litarefni eru gerð úr lífrænum samböndum og sum þeirra mynda mjög sterka líti. Þessi lífrænu litarefni eru mjög misjöfn hvað varðar endingu.

Litabykkni eða litapöstur (t.d. liturinn úr litavélum) er ekkert annað en blanda af litarefnum og vökva, t.d. vatni.

Fylliefni

Þetta er stór flokkur efna sem flest eru í duftformi. Meðal þessara efna eru t.d. talk, kísilkúr, baríum súlfat, kalk o.s.frv. Þeim er ætlað ýmis konar verkefni og virkni. Fylliefni eru til dæmis notuð til að...

- Auka mattleika.
- Gefa opnari málningarfilmu.
- Gera málningarfilmu harðari og sterkari.
- Auka ryðvarnareiginleika.
- Auka þurrefnisinnihald.
- Minnka kostnað.

Vökvi

Þessi efni hafa það sameiginlegt að gufa upp þegar málningin þornar. Þetta geta verið lífræn leysiefni líkt og terpentína og vatn í vatnsmálningu. Þessi efni hjálpa til við vinnslu efnanna og myndun filmu en þegar því hlutverki er lokið þá gufa þau upp.

Hjálparefni

Hér er um að ræða fjöldan allan af efnum með mjög ólíka eiginleika og hlutverk. Þau eru í flestum tilvikum dýr og eiga að auka enn frekar á gæði málningarinnar.

Meðal helstu efna og hlutverka...

- Loftbólueyðar sprengja loftbólur í framleiðslu og við notkun á málningu.
- Eitur hindra að ýlda eða mygla myndist í málningunni eða á málningarfilmu.
- Sérhæfð sápu efni auka m.a. viðloðunarhæfni málningar, bæta vinnslueiginleika og hindra botnfalli.
- Þykkingarefni eru notuð til að auka þykkt og sagg málningar. Jafnframt til að koma í veg fyrir ýringu.
- Og margt, margt meira